

Enginn fjáreigandi er undanþeginn fjallskilum, þótt hann hafi sleppt fé sínu í 77 heimaland. Þó getur hreppsnefnd undanskilið að meira eða minna leyti það fé, sem 11. júlí geymt er í eyjum eða girðingum, sem vel er við haldið. Gera má um þetta sveitar-samþykkt á lögmatum fundi, enda hafi þess verið getið í fundarboði, að málið verði borið þar fram.

22. gr.

Hreppsnefnd skal skipta löndum, sem hún hefur forsögn um fjallskil á, í tiltekin leitarsvæði og kveða á um, hvað marga menn þarf í hverja leit, og til hvaða réttar fé það skuli ganga. Einnig skipar hún fyrir um hvers konar fjallskilavinnu aðra inna þarf af höndum.

23. gr.

Þegar hreppar fá í haustgöngum ójafna fjártölu — svo að máli skiptir — hver úr annars löndum, þá er þeim hreppi, sem fleira fær féð, skylt að greiða hinum áfallinn gangnakostnað fyrir það.

Enginn hreppur verður krafinn um meiri liðsauka í göngur en nemi þeirri manntölu, sem hann þarf að senda til fjársóknar á réttir hlutaðeigandi hrepps, en mismunurinn að öðru leyti reiknaður til verðs. Hafi upprekstur átt sér stað úr þeim hreppi, sem krafinn er, í lönd þess hrepps, sem kröfuna gerir, á hann þó rétt á sérstökum liðsafla með tilliti til þess. Hagagjald fyrir sumargöngu fjárens sé greitt eftir samkomulagi. Skulu hreppar gera með sér glögga samninga um þessi viðskipti, og séu þeir ekki uppsegjanlegir nema með tilteknum fyrirvara. Ágreiningi hreppa um þessi atriði má skjóta til fullnaðarúrskurðar sýslunefndar.

24. gr.

Nú vanrækir einhver þau fjallskil, sem á hann hafa skipzt, og er honum það sjálf-rátt, eða hann leggur ógildan mann til fjallskila, þá er það gangnarof og varðar 100—300 króna fébótum, er renna í fjallskilasjóð. Auk þess greiðir sá, er brotlegur verður, göngurnar eftir mati, nema leitarforingi eða hreppsnefnd fái mann til að inna þau af hendi, á hans kostnað.

25. gr.

Hæfan gangnamann skal álíta þann, er leitarforingi og minnst helmingur leitar-manna tekur gildan, þó aldrei yngri en 14 ára. Nú verður einhver leitarmanna sannur að óhlýðni, hirðuleysi eða handvömm, sem honum sjálfum er um að kenna, þá skal svo álíta sem enginn hafi verið lagður til fjallskila í það sinni, og að auki sæti aðili fébótum sem fyrir gangnarof. Nú er leitarmaður ekki talinn fullgildur, en þó eigi heim sendur, og reiknast honum þá kaup eftir mati leitarforingja og hreppsnefndar.

26. gr.

Þrenn skulu fjallskil haust hvert. Auk þess skal hreppsnefnd heimild að skipa fyrir um fleiri fjallskil, ef þörf þykir. Því aðeins skulu tvenn fjallskil látin nægja, að samþykki sýslunefndar liggja fyrir.

Nú kemur óveður, er gangnamenn eru af stað komnir og göngur byrjaðar, svo að þær verða að litlu gangi eða engu, og er þá komið undir áliti hlutaðeigandi hreppsnefndar, hvort telja skuli, að nokkrar göngur hafi verið gerðar í það sinn.

27. gr.

Haustgöngur skulu byrja svo snemma ár hvert, að fyrstu réttardagar á aðalrétt-um verði þessir: